



**4. Fundargerð 130. fundar stjórnar UTU - 2512003**

Lögð fram fundargerð 130. fundar stjórnar UTU.

*Til kynningar.*

**5. Viðauki 4 við fjárhagsáætlun Ásahrepps 2025 - 2512001**

Lagður fram Viðauki 4 við fjárhagsáætlun Ásahrepps 2025. Í viðaukanum fellst að Odda bs og Húsakynnum bs er komið inn í áætlunina sem sssamstarfsverkefni A-hluta. Þessi breyting hefur í för með sér breytingu á lífeyrisskuldbindingum (60 þús.) og afborganir langtímalána (-484 þús). Nettu áhrif eru þau að lækkun á handbæru fé verður kr. 424 þús.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða Viðauka 4 og felur sveitarstjóra í samstarfi við KPMG að skila honum inn.*

**6. Fjárhagsáætlun sveitarsjóðs Ásahrepps 2026-2029 - 2510010**

Lögð fram til annarrar og lokaumræðu fjárhagsáætlun Ásahrepps 2026 - 2029.

Umræða varð um fjárhagsáætlunina og sveitarstjóri kynnti einstaka liði og þær breytingar sem gerðar hafa verið frá fyrri framlagningu.

Helstu kennitölur áætlunarinnar fyrir samstæðureikning rekstrarárið 2026 eru (í þús. kr.):

Tekjur: 757.061

Gjöld: 644.505

Afskriftir: 29.614

Fármagnstekjur: 10.328

Rekstrarniðurstaða jákvæð: 93.269

Fastafjármunir: 732.439

Veltufjármunir: 404.502

Eigir samtals: 1.136.941

Eigið fé: 970.278

Skuldbindingar: 8.211

Langtímaskuldir: 78.882

Skammtímaskuldir: 79.571

Eigið fé og skuldir samtals: 1.136.941

Gert er ráð fyrir eftirfarandi fjárfestingum á árinu 2026 (í þús. kr.):

Gatnagerð: 15.000

Götulýsing og frágangur bílastæða Laugalandi: 10.000

Göngu-, reiðhjóla- og reiðstígagerð: 50.000

Eignir hjá Eignasjóði, Laugaland m.m: 35.000

Fjárfestingar samstarfsverkefna A-hluta:

UTU: 799

Tónlistarskóli: 347

Fjárfestingar samstarfsverkefna B-hluta:

Sorpstöðin / Vatnsveita: 11.593

Samtals fjárfesting: 115.739

*Oddviti bar upp fyrirbyggjandi tillögu að fjárhagsáætlun Ásahrepps fyrir árin 2026-2029 til*

K.P.D.

Handwritten notes and signatures in blue ink, including "KI", "HÖL", "K.Hr.", and "L.S.". There are also some scribbles and initials.

samþykktar. Tillagan var samþykkt samhljóða framlagða fjárhagsáætlun og sveitarstjóra falið að senda lögbundnum aðilum afrit af samþykktri áætlun í samráði við KPMG.

#### 7. Starfsmannamál - 2511032

Lögð fram tilboð ráðningaskrifstofa í ráðningu í starf á skrifstofu Ásahrepps. Einnig lög fram drög að starfslýsingu.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að semja við Mögnum um ráðningu í þetta starf. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að starfshlutfall oddvita hækki um 10% og sveitarstjóra um 15% frá 1. desember 2025 fram að þeim tíma sem nýr starfsmaður kemur til starfa.*

#### 8. Styrkveiting til lagningar útivistarstíga í Ásahreppi - 2510003

Lögð fram drög að viðauka við verklagsreglur um úthlutun styrkja til lagningar útivistarstíga í Ásahreppi.

Einnig Lögð fram umsókn um styrk til útivistar- og reiðvegagerðar í Ásahreppi frá íbúum sem lögheimili eiga í Einholti og Einhamri.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagðan viðauka við verklagsreglur. Framlögð umsókn um styrk til útivistarstígs frá Einholti að hesthúsinu í Hestheimum er samþykkt með fyrirvara um að undirritað og útfyllt umsóknareyðublað berist skrifstofu Ásahrepps. Jafnframt er verkefnisstjóra falið að vera í sambandi við umsækjendur og að skila inn minnisblaði um verkefnið.*

Fundi slitið kl. 10:00.

Ísleifur Jónasson

Ísleifur Jónasson

Karl Ölvirsson

Karl Ölvirsson

Þráinn Ingólfsson

Þráinn Ingólfsson

Helga Björg Helgadóttir

Helga Björg Helgadóttir

Kristín Hreinsdóttir

Kristín Hreinsdóttir

Valtýr Valtýsson

Valtýr Valtýsson